

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 150/2019

2022/EES/74/14

frá 14. júní 2019

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/343 frá 28. febrúar 2019 um undanþágur frá 3. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli vegna notkunar á tilteknum almennum lýsingum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 159. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2017) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„160. **32019 R 0343**; Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/343 frá 28. febrúar 2019 um undanþágur frá 3. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli vegna notkunar á tilteknum almennum lýsingum (Stjtið. ESB L 62, 1.3.2019, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/343, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 1.3.2019, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.